

Miðvikudaginn 17. desember 1997.

Nr. 494/1997.

Garðar Björgvinsson

(sjálfur)

gegn

sjávarútvegsráðuneytinu

ríkissjóði og

sjávarútvegsnefnd Alþingis

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. desember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnis-meðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 17. mars sl., af Garðari Björgvinssyni, Heiðmörk 11, Hveragerði, gegn sjávarútvegsráðuneyti, ríkissjóði og sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins borgi 10 milljónir í viðbót fyrir það, að Rakkanes, HF 193-2026, hverfi úr rekstri, og sjóðurinn geti, ef óskað er, hirt bátinn. Á meðan mál þetta sé í vinnslu, verði stefnanda leyft að nota bátinn sér til lífsviðurværis, svo sem stefnandi lýsir hér á eftir. Enn fremur er farið fram á vexti af þessum 10 milljónum frá 6. september 1996. Auk þess borgi Þróunarsjóður frá 6. september 1996 250.000 kr. á mánuði til stefnudags 20. mars, því að það sé sá tími, sem báturinn hefur legið ónotaður. En eins og fram kemur í stefnunni, „ætla ég að taka bátinn í notkun á stefnudegi“.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að fjárkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Hinn 17. október sl. fór fram munnlegur málflutningur um fram komna frávisunarkröfu, og er einungis sá þáttur málsins hér til umfjöllunar.

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins eru þær, að málinu verði vísað frá dómi, og jafnframt krefjast þeir málskostnaðar.

Stefnandi gerir þær kröfur, að frávisunarkröfu stefndu verði hafnað.

Málavextir, málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum, málsástæðum sínum og lagarökum með eftirfarandi hætti:

„Greinargerð.

Tílefni þessarar stefnu er það, að ég undirritaður sætti mig ekki við þá eignaupptöku, sem ég var þvingaður til að samþykkja með afskráningu báts míns, Rakkanes, HF 193-2026, í lok sumars 1996. Ég vil í þessu sambandi vitna í blaðagrein mína í Albýðublaðinu frá 10. jan. sl. og í kafla nr. 72 í stjórnarskránni, en þar segir, að eignarrétturinn sé friðhelgur og engan megi skylda til að láta hann af hendi, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir. Athugið, að almenningsþörf krefur þess ekki, að smábátar, sem nota króka til fiskveiða, séu teknir úr notkun á sama tíma og stórvirkum skipum, sem nota þung „troll“ gegn lífríki hafsbotnsins, er fjölgað. Athugið enn fremur: Stóru frystiskipin vinna aflann úr sjó og taka því atvinnuna frá landfólki. Það er þó enn alvarlegra, að frákast, smáfiskur, stórfiskur, bein og annar úrgangur úr fiskinum, er til samans um 60-70% af því, sem inn fyrir borðstokk skipanna kemur. Eftir lagasetninguna í vor um 84 daga frjálst val fór það fljótt í loftið, að dagarnir yrðu 26 í raun á næsta fiskveiðiári. Í framhaldi þess var Þróunarsjóði gert að bjóða smábátaeigendum 80% af húftryggingarmati báta sinna, ef þeir vildu hætta að stunda sjó. Þessi viðmiðun er misvísandi, þar sem bátar eru

misjafnir að gerð. Auk alls þessa var okkur hótad því, að ef við létum ekki að stjórn og sættumst á tilboð þetta um 80% af matsverði bátanna, yrði tilboðið lækkað í 20% eftir 15. september. Svona vinnubrögð kallast á íslensku þvingunaraðgerð og samrýmast ekki venjulegu góðu siðferði í stjórnsýslu. Mitt mat á því ástandi, sem skapað var með aðgerðum stjórnvalda 1990, er það, að það hafi verið lögleysa. Allir muna hinn örlagaríka dag 18. ágúst 1990 og því ástandi, sem var að verða í lok sl. sumars, þegar Þróunarsjóði var gert að framfylgja útrýmingu smábáta landsmanna endanlega. Ég varð persónulega fyrir alvarlegu áreiti 18. ágúst 1990, þegar Kristján Þórðarson, starfsmaður hjá Siglingastofnun, gerði vísitandi ranga skýrslu um nýsmíðaðan bát minn, Rakkanes, og varð skýrsla þessi til þess, að bátur minn var án atvinnuleyfis 18. ágúst. Ég hef ekki enn fengið leiðréttingu á máli þessu þrátt fyrir dóm umboðsmanns Alþingis mér í vil, en hann dæmdi mitt mál þannig, að ég hefði verið misrétti beittur. Þá ákvað ég eftir langa íhugun að taka við þeim peningum frá Þróunarsjóði, sem mér buðust, þ. e. 6.892.000 kr., enda þótt ég vissi eftir athugun hjá ríkisskattstjóra, að 2.900.000 kr. færu í skatt og eftir stæðu um 4 milljónir fyrir um 14 milljón kr. bát. Ég gerði mér eftirfarandi ljóst: Þessi gjörningur Þróunarsjóðs væri brot á 72. grein stjórnarskrárinnar. Viðkomandi sjóði væri í raun skylt skv. 72. gr. að borga mér 10 milljónir í viðbót mínus meiri skatt. Þar sem ég á inni hjá ríkissjóði skaðabætur vegna skaða þess, sem ég varð fyrir vegna vinnubragða opinbers starfsmanns Siglingastofnunar, ákvað ég að fara þá leið að stefna viðkomandi aðila, sjávarútvegsmálaráðherra, fyrir þennan gjörning, sem kallaður er úrelding á bát mínum, þótt það orðalag sé ekki í samræmi við þá staðreynd, að þarna er um nýjan bát að ræða. Ætti því gjörninginn að nefna því íslenska nafni eignaupptaka. Þar sem fyrri gjörningur hefur tíu ára fyrningartíma og lögmenn þeir, sem fjallað hafa um málið, ekki verið betur starfi sínu vaxnir en svo, að þeir hafa kosið að setja sig á launaskrá hjá mér í stað þess að bretta upp ermarnar og gera skyldu sína, tók ég það ráð að byrja á þessu máli, sem blasir við, stefna því sjálfur og í hinu málinu rétt í kjölfarið. Vegna þess að ég hef ákveðið að nota féð, sem ég ætti, ef eitthvert réttlæti er til, úr fyrra málinu, til að borga Þróunarsjóði það til baka, sem hann greiddi mér fyrir atvinnufrelsi mitt, því að í raun tel ég þá peninga ekki vera mína eign, þar sem ég stend í þeirri meiningu, að frelsið og réttindi mín séu ekki til sölu, lýsi ég því hér með yfir, að eftir birtingu þessarar stefnu ætla ég að fara að nota bát minn í rólegheitum án þess að flíka því. Ég mun láta fara lítið fyrir aðgerðum mínum, ég mun verka aflann sjálfur og koma honum í verð, en ég mun gefa upp magn og söluverð, greiða mína skatta og skyldur til samfélagsins. Ég ætla að fara

hægt í sakirnar, því að ég ætla ekki að gefa fordæmi. Kollegar mínir geta séð um sig sjálfir og haldið áfram að láta Arthúr Bogason spila með sig. Ég myndi sættast á 20 tonna aflastopp á þorski, á meðan mál þetta er í vinnslu, og til viðbótar þær ýsur og þá steinbíta, sem koma á mína öngla. Þegar þessum þorskstoppi er náð, mun ég hætta það árið. Ég ætla að nota rétt áramót. Ég mun svo stefna í gamla málinu frá 1990, eins og ég sagði hér að framan, og þetta mun allt ganga eins og ég hef sagt. Ég vona, að ég mæti skilningi á þessum ákvörðunum mínum, sem ég byggi á raunverulegum staðreyndum, og trúi því, að innan kerfisins finnist menn, sem mæla með þessum aðgerðum, og þessu máli ljúki án frekari illinda. Gangi málið eftir, eins og ég hef hér lýst, er það vel, ef ekki, verður þessi stefna gerð að opinberu blaðamáli og málinu fylgt eftir með aðstoð fjögurra öflugra náttúruverndarsamtaka og annarra öflugra leiða.

Gamlar hefðir eru sterkari en vafasöm nýsett lög. Ég vil benda á það, að faðir minn var útgerðarmaður og stundaði sjóinn sjálfur á eigin bátum frá átján ára aldri og til dauðadags. Þetta gerði eldri bróðir minn einnig. Sjálfur hef ég gert út frá 1974 á eigin bátum, en þar áður stundaði ég sjó með eldri bróður mínum. Tel ég mig því frekar eiga rétt á aðgangi að fiskimiðunum en sumir, sem nú þykjast eiga hundruð og þúsundir tonna af óveiddum fiski úti í sjó. Þess vegna segi ég í fullri alvöru: Ef þær þvingunaraðgerðir og þau illindi gegn mér, sem stofnað hefur verið til, eiga að halda áfram, þá segi ég í fullri alvöru: Ég mun nota öll tiltæk ráð til að ná aftur þeim stjórnarskrárbundna rétti, sem ég á sem íslenskur ríkisborgari.

Málsástæður.

Ástæða stefnu þessarar er sú, að með hnitmiðuðum aðgerðum hafa stjórnvöld þrengt svo að persónufrelsi mínu og lífsafkomu (og allra smábátaeigenda á Íslandi), að ég sé mig knúinn til að skera upp herör og berjast fyrir rétti mínum sem íslenskur ríkisborgari. Ég vil benda á, að auk þess hafa sumir embættismenn á vegum ríkisins notfært sér aðstöðu sína til að klekkja á mér (og fleiri smábátaeigendum), sbr. vísitandi rangar skýrslur Kristjáns Þórðarsonar, sem ég vitna í hér á síðu 1, 21. línu, í greinargerð, og mun ég fljótlega stefna í því máli, sem áður segir. Kvótakerfið í sjávarútvegi er verk stjórnvalda, og því verða þau að axla ábyrgð gerða sinna. Þetta kvótakerfi hefur valdið mér miklum búsigfum og lagt af atvinnu mína bæði sem bátasmiðs og útgerðarmanns. Aðför stjórnvalda gegn smáútgerð er ekki í þágu almannaheilla, heldur er hún í þágu fámennrar hagsmunaklíku og hefur valdið óhamingju, atvinnuleysi og örbirgð og jafnvel dauða. Því sé ég mig knúinn til að berjast fyrir ótvíræðum rétti mínum og geri það einn, því að kollega mína virðist skorta bæði skynsemi og þrek til að standa á rétti sínum sem einstaklingar í frjálsu landi.

Lagarök.

Ég vitna hér í eftirfarandi greinar úr stjórnarskránni:

72. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um friðhelgi eignarréttarins, og ef almannapörf krefji, að atvinnuvegur sé stöðvaður, komi fullar bætur í staðinn, og því nægir ekki að bjóða aðeins 80% af almennu matsverði viðkomandi báts í þessu tilfelli, sem er að raunverðgildi með veiðarfærum og öllu minnst 14 milljónir.

75. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir, að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu, sem þeir kjósa, þessu frelsi megi ekki setja skorður með lögum, nema almannapörf krefji. Í þessu tilfelli krefur ekki almannapörf að hefta notkun smábáta, heldur þvert á móti, þar sem landvinnsla sjávaraflla er í selti. Því krefur almannapörf fremur fjölgunar smábáta og fækkunar skipa, sem vinna aflann í hafi og skemma botn með þungum, dregnum veiðarfærum. Umtalsvert verri nýting er á hráefni um borð í togurum, um 30% eða minna, og þetta síðastnefnda atriði vinnur gegn aukinni útflutningsframleiðni þjóðarinnar.

76. grein stjórnarskrárinnar segir, að öllum skuli tryggður réttur til aðstoðar við að öðlast atvinnu til að forðast örbirgð. Svo sem allir vita, hafa stjórnvöld gengið þvert á þessa grein stjórnarskrárinnar. Þar segir einnig, að börnum skuli tryggður réttur til þeirrar umönnunar, sem velferð þeirra krefst. Telst það ekki árás á börn að leggja niður atvinnumöguleika fyrirvinnunnar? Með því að þrengja sífellt meira að smáútgerð án rökstuðnings fyrir nauðsyn þess eru stjórnvöld augljóslega að hygla vissum mönnum á kostnað annarra. Allir vita, sem vit hafa á útgerð og fiskveiði yfirleitt, að það skiptir ekki nokkru máli um stofnstærð þorsstofnsins og annarra fiskistofna við Ísland, hvort smábátar með króka veiða 30.000 tonn eða 60.000 tonn. Skilyrði náttúrunnar á milli ára eru breytileg. Svo ber einnig að líta á það, að svartfugl étur mikið af seiðum á seiðagöngutímanum svo og önnur dýr. Einnig éta ýmsar dýrategundir fisk í uppveiti. Aðför stjórnvalda á hendur smáútgerðinni á Íslandi er ekki hlægileg, heldur vítaverð, því að þannig er búið að fara með suma smábátaeigendur, að þeir eru ekki bara öreigar, heldur líkamleg og andleg flök.

65. grein. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum og njóta almennra mannréttinda án tillits til kynferðis og litarháttar. Ég tel, að mannréttindi smáútgerðarmanna hafi verið skert verulega vegna ofveiði að hálfu allt of stórs togveiðiflota og því sé búið að hengja of marga bakara vegna fúskara í stjórnsýslu þessa lands. Þar sem stjórnarskráin er eldri en kvótakerfið í sjávarútvegi, telur stefnandi hana haldbetri en lögmál kolkrabbans og LÍÚ, sem tröllríður um þessar mundir íslensku efnahagslífi og vinnur að því

markvisst að handjárnna 80% þjóðarinnar og gera hana að viljalausum verk-færum í hendi fjármagnshandhafa.

Siðferðileg rök.

Það er ef til vill löglegt að setja lög, sem standa 47 daga, af ásettu ráði, en það er siðlaust. Nú er það komið í ljós, að þessi lagasetning var liður í fyrir fram ákveðnu ferli til að útrýma smáútgerðarmönnum. Þetta er siðlaust. Það er létt verk fyrir núverandi stjórnarforystu að láta Þróunarsjóð bjóða aðþrengdu fólki upp á það að láta af hendi aleiguna fyrir hluta af raunvirði og auk þess hnýta aftan í tilboðið hótun um refsingu, ef ekki verði gengið að því. Þetta er siðlaust.“

Málsástæður varðandi frávísunarkröfu.

Stefndu telja málatilbúnað stefnanda ekki vera í því horfi, að unnt sé að greina tilgang málsóknar eða samhengi milli krafna og málsástæðna. Í fyrsta lagi telja stefndu dómkröfur stefnanda ekki vera tækar til álagningar efnisdóms, enda ófært að byggja á þeim dómsorð, sem ráða myndi tilteknu sakarefni til lykta á einn veg eða annan. Ókleift sé að skilja kröfugerðina, hvers eðlis hún sé eða að hvaða niðurstöðu henni sé ætlað að miða. Kröfurnar séu ekki studdar gögnum eða málsástæðum, þannig, að unnt sé að leysa úr þeim. Þá séu kröfur að ýmsu leyti skilyrtar og ósamrættar og í þeim vísað til óljósra útskýringa í málavaxtalýsingu. Sé kröfugerð og málatilbúnaður allur andstæður 25. gr. og d-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndu telja lýsingu málsástæðna og framlagningu skjala andstæða meginreglum einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. e-, f- og g-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Lýsing stefnanda á málsatvikum og málsástæðum sé að mestum hluta almenn þjóðfélagsgagnrýni og frásögn af öðru máli, sem stefnandi boði málshöfðun út af. Sé lýsing á atvikum og málsástæðum án tengsla við dómkröfur.

Kröfur stefnanda sýnist að hluta til varða styrk vegna úreldingar fiskiskips, er stefnandi hafi fengið greiddan samkvæmt lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Krefjist stefnandi þess, að Þróunarsjóður borgi „10 milljónir í viðbót fyrir það, að Rakkanes, HF 193-2026, hverfi úr rekstri . . .“ Enginn rökstuðningur eða gögn komi fram um það, hvað réttlæta myndi frekari greiðslur úr Þróunarsjóði vegna skipsins eða á hvaða lagagrundvelli fallast ætti á kröfu þessa efnis. Auk vanreifunar um þennan þátt málsins telji stefndu það ekki heyra undir dómstóla að veita eða ákvarða styrki úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins, en sjóðnum sé ætlað það hlutverk lögum samkvæmt.

Taka beri fram, að stefnandi hafi ekki stefnt Þróunarsjóði sjávarútvegsins, sem lúti sjálfstæðri stjórn, er fari með málefni sjóðsins samkvæmt lög-

um nr. 92/1994. Telji stefndu það einnig varða frávísun málsins, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991. Engin réttarfarsleg eða stjórnskipuleg heimild sé til að stefna Alþingi, sjávarútvegsnefnd Alþingis eða formanni hennar persónulega í máli þessu til fyrirvars í tengslum við dómkröfur, sbr. og 60. gr. stjórnarskrár. Fjármálaráðherra geti í engu tilliti svarað fyrir kröfur stefnanda í dómsmáli þessu, og sama sé um sjávarútvegsráðherra, eins og kröfur séu fram settar. Telja stefndu ekki skilyrði til þess að beina kröfum málsins að einni fastanefnda Alþingis. Ásamt því, að stefnt sé til fyrirvars mönnum að ósekju, er aðild málsins svo vanreifuð, að frávísun varðar að mati stefndu.

Að því marki, sem skilja megi málalilbúnað stefnanda þannig, að krafist sé greiðslu fjár, séu fjárhæðir órökstuddar og ófært að sjá, við hvaða réttarsamband eða atvik eða mat þeim sé ætlað að miða. Vaxtakröfur stefnanda séu án útskýringa eða rökstuðnings.

Loks styðja stefndu frávísunarkröfu sína því, að hinum margbreytilegu dómkröfum stefnanda sé beint að stefndu með því móti, að hvorki teljist vera um að ræða skilyrði 1. mgr. 19. gr. né 1. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi mótmælir kröfum og málsástæðum stefndu.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 skal í stefnu greina dómkröfur svo skýrt sem verða má. Samkvæmt e-lið sömu greinar skal og greina svo glöggst sem verða má málsástæður, sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik, sem þarf að greina, til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr, að ekki fari milli mála, hvert sakarefnið er.

Kröfur stefnanda, eins og þær eru fram settar, eru afar óljósar, og ber að fallast á með stefndu, að ófært sé að byggja á þeim dómsorð, er ráða muni tilteknu sakarefni til lykta á einn veg eða annan. Gerð er krafa um, að Þróunarsjóður greiði 10 milljónir til viðbótar einhverri fjárhæð, sem ekki er tilgreind. Engan rökstuðning er að finna í málalilbúnaði stefnanda fyrir kröfu þessari.

Það er ekki fyrr en við lok máls, þegar dómur er kveðinn upp, að í ljós kemur, hvort krafa aðila í dómsmáli er tekin til greina eða ekki. Krafa stefnanda um, að viðurkennt verði, að honum sé heimilt að nota bátinn, meðan mál þetta er í vinnslu, er því fráleitt.

Þá krefst stefnandi vaxta, án þess að gerð sé nánari grein fyrir því, hvaða vaxta krafist er.

Í kröfugerð er að finna yfirlýsingu, sem á þar ekki heima, en hún lýtur að því, að stefnandi ætli að taka bátinn í notkun á stefnudegi. Sýnist þessi

yfirlýsing stangast á við boð stefnanda fyrir í kröfugerð um, að Þróunarsjóður geti, ef óskað er, hirt bátinn.

Að lokum gerir stefnandi þá kröfu, að Þróunarsjóður greiði frá 6. september 1996 til 20. mars 1997 250.000 kr. á mánuði. Krafa þessi er með öllu vanreifuð, og engan rökstuðning er að finna í málatilbúnaði stefnanda til stuðnings henni.

Málatilbúnaður stefnanda, málsatvikalýsing og útlistun málsástæðna er að miklu leyti lýsing á öðru máli, sem stefnandi hyggst höfða, svo og gagnrýni á stjórnun fiskveiða, gagnrýni á kvótakerfið. Er lýsing á atvikum og málsástæðum með öllu án tengsla við dómkröfur í málinu.

Þá er aðild stefndu að málinu óljós og vanreifuð. Ekki verður séð, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Þá hefur ekki verið sýnt fram á heimild til þess að stefna sjávarútvegsnefnd Alþingis né með hvaða hætti nefndin gæti verið í fyrirvari gagnvart kröfum stefnanda.

Þegar framanritað er virt, ber að fallast á, að málatilbúnaður stefnanda sé þannig úr garði gerður, að ekki sé unnt að leggja á málið efnisdóm, og ber því að taka til greina kröfu stefndu og vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst 60.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Garðar Björgvinsson, greiði stefndu, sjávarútvegsráðuneyti, ríkissjóði og sjávarútvegsnefnd Alþingis, 60.000 kr. í málskostnað.
